

# EKKI ER ALLT SEM AUGUN DÆMA



## GAGNARÝNI OG LYKILFRAMMISTAÐA

Gagnasöfnunarkerfi er nú komið í flest alla bílana í okkar flota. Setja þurfti auka kapal í nokkurn fjölda bifreiða. Tafði það aðeins söfnun gagna en þessa dagana er verið að setja þennan kapal í þá bíla sem þess þurfa.

Ljóst er að til þess að fá góðan og merkjanlegan samanburð þurfum við að safna gögnum í 5-6 mánuði. Þess utan fáum við yfirlit og skýrslur þar sem niðurstaða á okkar gögnum er borin saman við keimlík fyrirtæki á Norðurlöndum.

Þegar gagnasöfnun er komin á fullt skrið fáum við reglulegar upplýsingar um nokkur atriði sem tengjast akstri okkar bíla. Þannig fáum við samanburðartölfræði um öryggisatriði (e. safety events), en þar er átt við bremsun, knappar beygjur og hraðaaukningar. Við fáum upplýsingar um hlutfallslega innskráningu bílstjóra í bifreiðar flotans. Lausagangur er atriði sem við viljum bæta og upplýsingar þar af lútandi nýtast okkur vel. Auk þess sem við fáum hlutfallslega tölfræði um eldsneytisnotkun flotans.

Í framhaldinu mun hver bílstjóri fá yfirlit yfir sinn akstur, hrós fyrir það sem vel er gert og hvatningu til þess að bæta það sem gera mætti betur. Auðvelt verður þannig að greina lykilframmistöðu (e. KPI) úr hópi bílstjóra og því auðvelt að fá framúrskarandi bílstjóra úr okkar hópi til þess að miðla reynslu og þekkingu.

### Í fréttabréfinu

- Ekki er allt sem augun dæma ..... 1
- Gott er heilum vagni heim að aka..... 2
- Enginn er of gamall gott til að læra ..... 3
- Hverjum þykir sinn fugl fagur ..... 3
- Hægt skal að heiman aka ...4



# GOTT ER HEILUM VAGNI HEIM AÐ AKA

## BÍLSTJÓRAFUNDIR

Í október mánuði voru árlegir bílstjórafundir á dagskrá. Fundunum er skipt upp eftir tegund aksturs. Þannig er einn fundur haldinn fyrir bílstjóra í rútudeild, einn fyrir Akstursþjónustubílstjóra í Hafnarfirði, einn fyrir þá sem veita sömu þjónustu í Reykjavík auk þess sem fundað er með bílstjórum á landsbyggðinni bæði á Selfossi og í Borgarnesi. Landsbyggðarfundirnir munu líklega verða haldnir í janúar á næsta ári.

Á fundunum í október var farið yfir mikilvægi innskráningar (log-in) í hverja bifreið við upphaf hvernar ferðar, stundvísi, vinnutíma og úthlutun verkefna, gæðaeftirlit og þríf á bílum, tímaskýrslur og útlagaðan kostnað, reglur um farsímanotkun og tóbaksnotkun og veittar upplýsingar um nýjan fatnað sem dreift verður á næstunni. Þá var rætt um ábyrgð í starfi bílstjórans og mikilvægi faglegra samskipta og viðmót.

Bílstjórar fengu einnig kynningu á Traffilog kerfinu en stærri kynning á því kerfi verður fyrir alla bílstjóra þann 21. nóvember næstkomandi. Komið var inn á mikilvægi lykilmáttölunnar (Key Performance Indicator) innan heildarinnar, mikilvægi þess að veita framúrskarandi akstri athygli, frammistöðumælingar, meðvitund um jarðvænan akstur og að bílstjórar geri sér grein fyrir að þægilegur akstur minnkar útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Á fundunum var bílstjórum gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra í HR Monitor könnunum sem fyrirtækið leggur fyrir. Í þeim könnunum safnast mikilvægar upplýsingar um starfið og starfsemina, rýnt er til gagns og áætlanir um úrbætur gerðar þar sem þeirra er þörf. Hvatning og hrós berast síðan að sjálfsögðu líka.

Öll störfum við innan sömu liðsheildar og berum virðingu fyrir starfinu, starfsfélögum og fyrirtækinu okkar. Við berum sameiginlega ábyrgð á jákvæðu viðmóti og viðhorfi, erum tilbúin að veita og taka við heiðarlegri endurgjöf, sýnum fagmennsku og fagvitund í öllu starfi og metnað til að gera betur á degi hverjum.



*Einbeittir á bílstjórafundi*



*Hlustað af athygli*

# ENGINN ER OF GAMALL GOTT TIL AÐ LÆRA

## VAKTSTJÓRAFRÆÐSLA

Vaktstjórar Hópbíla og Akstursþjónustu sitja fjóra fræðslufundi á haustmánuðum. Á fræðslufundunum er farið yfir hlutverk og skyldur vaktstjóra, skipulag og stjórnun aksturs- og þjónustudeildar, viðbrögð við ábendingum, gæðaeftirlit, hagkvæman rekstur, símsvörun og undirbúning ferða, jákvæð samskipti og ríka þjónustulund.

Við höfum fengið Sigríði Huldu Jónsdóttur frá SHJ ráðgjöf til liðs við okkur við námskeiðahaldið. Sigríður Hulda mun vinna með vaktstjórum að atriðum eins og árangursríkum samskiptum, samskiptafærni, þrautseigju og seiglu, streitu og bjargráð, að starfa undir álagi og leiðir til að takast á við krefjandi viðskiptavinum. Farið verður í styrkleika og starfsánægju, áskoranir og viðhorf.

Fræðslufundirnir verða í september, október, nóvember og desember mánuði.

# HVERJUM ÞYKIR SINN FUGL FAGUR

## KLÆÐNAÐUR BÍLSTJÓRA

Allir bílstjórar okkar eiga að koma vel fram og hafa ávallt í huga að þeir eru fulltrúar fyrirtækisins. Snyrtilegur klæðnaður bílstjóra skal allur merktur fyrirtækinu og skulu bílstjórar ávallt vera merktir þegar þeir starfa fyrir okkur. Bílstjórar skulu sjá til þess að fatnaður þeirra sé ávallt hreinn og snyrtilegur enda eru þeir andlit fyrirtækisins út á við. Fyrirtækið gerir kröfu um ákveðinn klæðnað þegar tilteknum verkefnum er sinnt.

### Snyrtilegur klæðnaður

Skyrta Bindi  
Jakki og/eða peysa Buxur

### Við hvaða akstur:

Allur VIP akstur Móttaka hópa á flugvelli

### Léttari klæðnaður (snyrtileg samsetning af neðangreindum fatnaði)

Skyrta eða polo bolur  
Jakki Peysa  
Vesti Buxur

### Við hvaða akstur:

Skólaakstur Sérdeildaakstur Frístundaakstur  
Akstursþjónusta Hafnarfjarðar og Reykjavíkur  
Rio Tinto Alcan akstur, til og frá Lengri ferðir

### Skófatnaður

Bílstjórar útvega sjálfir sinn skófatnað og sjá til þess að hann sé snyrtilegur og viðeigandi fyrir hvert verkefni.

### Umhirða

Bílstjórar skulu ávallt hugsa vel um fatnaðinn enda er hann eign fyrirtækisins.

Gerð er krafa um hreinan og snyrtilegan fatnað.

Láti bílstjóri af störfum hjá fyrirtækinu ber honum að skila öllum fatnaði, nýpvegnum, til vaktstjórnar.



Verkefnavinna á vaktstjórafræðslu

# HÆGT SKAL AÐ HEIMAN AKA

## ÖRYGGI OG HEILSUVERND

Öryggi er veigamikill þáttur í starfsemi Hópbíla. Árið 2014 var innleitt vottað öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum OHSAS 18001, sem nú kallast ISO 45001. Ávallt er unnið markvisst í að efla öryggi og heilsu starfsmanna jafnt sem farþega og hefur öryggisvitund fest sig vel í sessi hjá okkar starfsmönnum. Það eru öryggisbelti í hverju sæti í öllum okkar bílum. Allir bílar eru ávallt útbúnir með tilliti til aðstæðna og síðast, en ekki síst, má nefna að allir bílar fara í reglubundið eftirlit á verkstæði okkar.

Hópbílar er fyrirtæki sem er umhugað um öryggi og heilsu starfsmanna og farþega. Fyrirtækið vill vera leiðandi á þessu sviði og leitast því við að bjóða upp á hæfa og vel þjálfaða bílstjóra og góða bíla. Með því er stuðlað að öryggi og þægindum eins og best verður á kosið.

### Hópbílar hafa sett sér þau markmið að:

- Endurskoða Öryggis- og heilsuverndarstefnu fyrirtækjanna reglulega og vinna að stöðugum umbótum á sviði heilsu- og öryggismála
- Efla öryggisvitund starfsmanna og annara hagsmunaaðila
- Greina áhættuþætti í vinnuumhverfi starfsmanna og vinna að úrbótum til áhættuminnkunar
- Stefna á slysalaust vinnuumhverfi þ.e.a.s að starfsmenn slasist ekki eða verði fyrir heilsufarslegu tjóni við vinnu sína
- Ástunda virka atvikaskráningu
- Velja birgja og verktaka með tilliti til frammistöðu þeirra í öryggismálum
- Fylgjast vel með þeirri þróun sem á sér stað á lagaumhverfinu m.t.t. heilsu- og öryggismála og fylgja í hvívetna þeim kröfum sem gerðar eru hverju sinni
- Uppfylla kröfur alþjóðlega heilsu- og öryggisstaðalsins ISO 45001
- Starfsmenn og hagsmunaaðilar þekki öryggis- og heilsuverndarstefnuna og taki þátt í að framfylgja henni

**Hópbílar hf.**  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

**Umsjón, skrif og ábyrgð:**  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri  
leifur@hopbilar.is



*Samtal og samvinna á vaktstjórafræðslu*